

LANDSBANKINN HF.


UFS EINKUNN **90 / A3**

A1-A3	B1-B3	C1-C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt


UFS NIÐURSTÖÐUR

NIÐURSTÖÐUR	Vægi	Stig	Einkunn
Heildareinkunn	100%	90	A3
Umhverfisþættir	10.5%	94	A2
E.1 Umhverfisstjórnun og visthagkvæmni	7.5%	94	A2
E.2 Yfirsýn yfir umhverfisstjórnun	3%	95	A2
Félagsþættir	25.5%	96	A2
S.1 Mannauður	20.5%	99	A1
S.2 Viðskiptaánægja og tengsl við samfélagið	5%	85	B1
Stjórnarþættir	64%	86	A3
G.1 Almennir stjórnarþættir	10%	94	A2
G.2 Starfshættir og virðisæðjan	22.5%	88	A3
G.3 Vörur og þjónusta	31.5%	82	B1

UFS EINKUNN



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Landsbankinn fær áfram framúrskarandi einkunn í UFS mati Reitunar og endar með 90 stig af 100 í flokki A3. Sjálfbærni hefur áfram sterka stöðu í starfsemi bankans og starfar hann í samræmi við viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB) sem og viðmiðum um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI). Skipurit bankans styður markvisst við sjálfbærni og eru upplýsingar um sjálfbærnimálefni fastur liður í mánaðarlegum kynningum til bankaráðs.

Umhverfisstjórnun bankans er góð og er Landsbankinn fyrsti íslenski bankinn til að fá losunarmarkmið sín, byggð á vísindalegum grunni (SBTi), formlega staðfest. Helstu tækifæri banka liggja í því að draga úr losun frá lána- og eignasafni og Landsbankinn vinnur í áttina að því og hefur t.a.m. birt útreikninga á fjármögnuðum útblæstri samkvæmt aðferðafræði PCAF. Þá hefur bankinn einnig skulbundið sig við að gefa út áhættuskýrslu um hvernig starfsemi bankans hefur áhrif á náttúruvar og líffræðilega fjölbreytni í samræmi við TNFD en bankinn er aðili að samtökum um þróun bókhalds fyrir líffræðilegan fjölbreytileika (PBAF). Sjálfbærniáhætta er formlega hluti af áhættuvilja bankans sem stjórn ber ábyrgð á og er aðkoma stjórnar og æðstu stjórnenda að umhverfismálum og loftslagstengdri áhættu virk. Landsbankinn býður upp á vörur og þjónustu sem styður við sjálfbærni og tekur tillit til UFS þátta í vörubrúun hjá sér. Þá fylgir bankinn stefnu um ábyrgar lánveitingar, vinnur eftir sjálfbærri fjármálaumgjörð og hefur fimm sinnum gefið út græn skuldabréf. Í byrjun 2025 hóf Landsbankinn að gera UFS áhættumöt á fyrirtækjum í lánaviðskiptum. Áhættumatið er unnið út frá atvinnugreinaðmiðum sem veitir viðskipta- og lánastjórum yfirsýn yfir áhættur sem tengjast atvinnugreininni. Þjálfun og fræðsla til viðskipta- og lánastjóra er virk og leggur bankinn áherslu á að viðhalda henni. Eignastýring bankans er hjá Landsbréfum, dótturfélagi hans, sem hefur skuldbundið sig til ábyrgar fjárfestingar með aðild að UN PRI líkt og Landsbankinn hefur gert. Þá sinnir Landsbréf fjárfestingasjóðnum Eignadreifing sjálfbær, en sá sjóður er flokkaður sem 8. gr. sjóður.

Bankinn stendur vel að upplýsingaöryggi og er vottaður eftir ISO27001 um upplýsingaöryggi. Landsbankinn starfar eftir siðareglum og eru ferlar í kringum það að viðhalda viðskiptasiðferði innan bankans til staðar. Á aðalfundi Landsbankans í mars 2024 ákvað Bankasýsla ríkisins að skipta út öllum sjö aðalmönnum bankaráðsins. Áhætta getur falist í að skipta út heilu bankaráði en að svo stöddu hafa þessar breytingar ekki neikvæð áhrif á einkunn. Landsbankinn hefur mótað góða umgjörð um aðfangakeðjuna sína og eru sjálfbærnimæliskvarðar hluti af þeirri umgjörð. Landsbankinn er í virkum tengslum við samfélagið og veitir ýmsa styrki og fræðslu. Þar að auki er vel staðið að mannauðsmálum, líkt og há starfsánægja og stöðug starfsmannavelta bera vitni um. Bankinn er góð fyrirmynd fyrir innlendan markað og fær framúrskarandi einkunn í UFS mati Reitunar.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Landsbankinn er vel fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS greiningu hjá Reitun, en þau eru um 45 talsins. Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 73 stig af 100 mögulegum, flokkur B2. Landsbankinn fær 90 stig sem er hæsti fjöldi UFS stiga sem Reitun hefur veitt til þessa. Bankinn er í flokki A3 ásamt sex öðrum rekstraraðilum.

Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggi fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neinir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.